# Skírnarsáttmálinn minn

Sáttmáli er loforð sem við gerum við himneskan föður. Lesið um þrennt sem við lofum að gera þegar við skírumst. Skrifið síðan um það sem þið getið gert til að halda skírnarsáttmála ykkar!



## Hafa Jesú Krist ávallt í huga

Þegar Elena sá einhvern vera vondan við aðra, hugsaði hún um það hvað Jesús myndi gera.

Hvernig get ég haft Jesú í huga?:

*„Hafa hann ávallt í huga“ (Moróní 4:3).*



## Halda boðorð hans

James kaus að horfa ekki á myndband með ljótum orðum og myndum.

Boðorð sem ég get haldið:

*„Halda boðorð hans“ (Moróní 4:3).*

## Taka á sig nafn hans

Nana sagði vini sínum að hún tilheyrir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

Hvað það þýðir fyrir mig að taka á okkur nafn hans:

*„Taka á [þig] nafn [Jesú Krists]“ (Moróní 4:3).*



## HALDA SÁTTMÁLA MINN

Hér eru nokkrar fleiri leiðir til að halda skírnarsáttmála ykkar.



### Hjálpa fólki

Akio hjálpaði yngri bróður sínum með stærðfræðiheimavinnuna.

Hverjum get ég hjálpað?:

*„[Bera] hver annars byrðar, svo að þær verði léttar“ (Mósía 18:8).*



### Iðrast þegar þið gerið eitthvað af ykkur

Eftir að Isa sagði nokkuð óvinsamlegt við systur sína, bað hún til himnesks föður. Síðan bað hún systur sína um að fyrirgefa sér.

Hvernig get ég iðrast?:

*„Iðrast og endurfæðast“ (sjá Alma 5:49).*



### Hugga aðra

Lucas heimsótti vin sinn sem hafði misst afa sinn.

Hvernig get ég huggað einhvern?:

*„Hugga þá, sem huggunar þarfnast“ (Mósía 18;9).*

MYNDSKREYTING: KELLY SMITH

### STAÐFESTING YKKAR

Eftir skírnina, leggur prestdæmishafi hendur sínar á höfuð ykkar.

Hann staðfestir ykkur sem meðlim í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu og blessar ykkur til að taka á móti gjöf heilags anda (sjá Kenning og sáttmálar 33:15).

### ÞAÐ SEM HIMNESKUR FAÐIR LOFAR YKKUR

Þegar við erum skírð og staðfest, lofar himneskur faðir okkur að við munum alltaf hafa anda hans hjá okkur. Heilagur andi hjálpar okkur að skynja kærleika Guðs, huggun og frið. Hann hjálpar okkur líka að finna fyrir fyrirgefningu þegar við iðrumst.

Þið getið lært meira um skírnarsáttmála ykkar með því að hlusta á sakramentisbænina í hverri viku (sjá Kenning og sáttmálar 20:77, 79).